

**Nd.**

**825. Breytingartillögur**

[221. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðsins „tveir“ í 5. efnismgr. komi: fjórir.
2. Við 10. gr. d. (25. gr.). Í stað 2. máls. 2. mgr. komi tvær nýjar málsg. sem verði 3. og 4. mgr. og orðist svo:

Hjón ein sér eða með ófjárráða barni (börnum) geta ekki stofnað til félagsbús. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð ef það á sameiginlegt lögheimili og hefur átt eða á von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. 2 ár.

Heimilt er að samþykkja tímabundna stofnun félagsbús vegna ætliðaskipta á jörð og er í reglugerð heimilt að víkja frá skilyrðum 5. mgr. 25. gr. og réttindum, skv. 1. mgr. 28. gr., varðandi slík félagsbú.

3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Við lögina bætist ný grein sem verði 74. gr. og orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið skal við gildistöku þessara laga taka við verkefnum Landnáms ríkisins, landnámsstjórnar og landnámsstjóra, þar með talinn rekstur grasköggilverksmiðja, sbr. 55. – 60. gr. laga nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.